

Nd.

111. Frumvarp til laga

[108. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1978 um váttryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981).

1. gr.

46. gr. hljóði svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á váttryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má váttryggingarfélögum að greiða allt að 2,5% af frumtryggingariðgjöldum og endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu váttryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

46. grein laga nr. 50/1978 um váttryggingarstarfsemi er að öllu samhljóða 46. gr. laga 26/1973 um sama efni, en þau lög voru hin fyrstu, sem sett voru hér á landi um trygginga-
eftirlit og váttryggingarstarfsemi.

Það var yfirlýst stefna Alþingis bæði 1973 og 1978 að álagt tryggingaeftirlitsgjald skv. 46. gr. skyldi jafnan hrökkva fyrir kostnaði af starfsemi eftirlitsins, þótt sá varnagli væri sleginn í 2. mgr. að ríkissjóður hlupi undir bagga, ef út af brygði.

Reynsla 5 síðustu ára hefur hins vegar verið sú, að gjöldin hafa vaxið meira en tekjur. Sértekjur og gjöld eftirlitsins hafa verið sem hér segir í þús. gkr.:

	Sértekjur	Gjöld	Mismunur	%
1977	15 240	15 324	- 84	0,6
1978	23 388	25 825	- 2 437	10,4
1979	29 904	39 050	- 9 146	30,6
1980	45 632	61 726	- 16 094	35,3
1981 (áætl.)	65 000	90 000	- 25 000	38,5

Eins og taflan sýnir hefur æ meir vantað á, að sértekjur eftirlitsins hafi nægt til að mæta útgjöldum þess, þrátt fyrir álagningu hámarksgjalds undanfarin ár. Ástæður þess eru í fyrsta lagi verðbólgan hér á landi, en tekjustofn eftirlitsins eru iðgjöld reikningsársins á undan (t. d. tekjur á árinu 1980 voru miðaðar við reikningsárið 1978 hjá váttryggingarfélögunum). Í öðru lagi hefur hlutdeild endurtryggingariðgjalda vaxið samanborið við frumtryggingariðgjöld hjá félögunum, en hámarksgjald, sem leggja má á samkvæmt 46. gr. laganna, er 0,6% af hinum fyrrnefndu og 2,5% af hinum síðarnefndu.

Að gjaldið skuli vera lægra af endurtryggingum en frumtryggingum er í miklu ósamræmi við þá vinnu, sem eftirlitið verður að inna af hendi í sambandi við endurtryggingar félaganna. Má fullyrða að sú vinna hefur síst verið minni, andstætt því sem gert var ráð fyrir í upphafi þegar lög voru sett.

Það er því tillaga eftirlitsins að 46. gr. laganna verði breytt á þá lund, að hámarksálagning á félögin verði látin nema 2,5% af öllum bókfærðum iðgjöldum án tillits til tegundar. Ef slikt ákvæði væri í gildi nú og heimilud yrði álagning hámarksgjalds, myndu sértekjur eftirlitsins nema um 900 þús. nýkr. á næsta ári.

Á þessu ári fékkst heimild til ráðningar eins starfsmanns til viðbótar. Á móti kostnaði vegna þess kemur, að greiðslum vegna tölvukaupa er nú lokið, en mánaðarlegar gengis-tryggðar afborganir hafa numið um það bil launum eins háskólamenntaðs starfsmanns. Er tölvan nú eign eftirlitsins.

Eru á næsta ári ekki fyrirhugaðar aðrar breytingar á starfseminni, og má því ætla að aukning rekstrarkostnaðar milli árana 1981 og 1982 samsvari breytingum á almennu verðlagi í landinu á sama tíma.